

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is


Mál nr. 5453/2008.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Hr. Sigursteinn Jósefsson
Fögrubrekku 33
200 Kópavogur.

Ég tel rétt að upplýsa að ég hef í dag ritað iðnaðarráðherra
bréf það sem hér fylgir með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Álftamýri 7, 150 Reykjavík. Sími: 510 6700
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmaduralthingis.is

LJÓSRIT

Mál nr. 5453/2008.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Hr. Össur Skarphéðinsson
iðnaðarráðherra
Arnarhvoli
150 Reykjavík.

Ég vísa til kvörtunar Sigursteins Jósefssonar, Pögrubrekku 33 í Kópavogi, sem lýtur að ákvörðun ráðuneytis yðar að veita framlengingu á bráðabirgðaleyfi Björgunar ehf. til að dæla jarðefnum á Laufagrunni í Hvalfirði meðan beðið er eftir umhverfismati, og bréfs starfsmanns míns til ráðuneytis yðar, dags. 7. október sl., en með því bréfi var þess óskað að ráðuneytið lét mér í té öll þau gögn sem það hafði undir höndum þegar það tók þá ákvörðun að veita framlengingu á umræddu leyfi. Bárust mér gögnin 22. október sl.

Eins og áður hefur komið fram er Sigursteinn einn af eigendum jarðarinnar Hjarðarness. Í kvörtun sinni bendir hann á að það hafi orðið mikið landrof við jörðina frá árinu 2000 er Björgun ehf. hóf námavinnslu í Laufagrunni. Fram að árinu 2000 hafi ekki verið neitt landrof á strandlengju Hjarðarness sem heitið geti. Heldur Sigursteinn því fram að þér sem iðnaðarráðherra hafið þvert á tilmæli Orkustofnunar gefið framlengingu á bráðabirgðaleyfinu. Vísar hann í því sambandi til bréfs Orkustofnunar til Kjósarhrepps o.fl., dags. 28. febrúar 2008, en þar komi fram að það sé óheimilt að veita vinnsluleyfi fyrir en að afstöðnu umhverfismati skv. 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum.

Það er ljóst af þeim gögnum sem ráðuneyti yðar lét mér í té að Björgun ehf. hefur stundað vinnslu malar og sands af hafsbotni frá árinu 1963 til framkvæmda í Reykjavík og nálægum sveitarfélögum. Hinn 28. ágúst 1990 veitti páverandi iðnaðarráðherra félaginu leyfi til efnistöku í Kollafirði, Hvalfirði og Faxaflóa, töku skeljasands í Faxaflóa og leitar að sandi og malarefnum á sjávarbotni á grunnsævi við Ísland utan netlaga. Með 6. gr. laga nr. 101/2000, um breytingar á lögum nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, var kveðið á um að þeir aðilar sem þegar höfðu fengið leyfi á grundvelli laganna skyldu halda þeim í 5 ár frá gildistöku breytingalaganna. Með bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 23. september 2004, var Björgun ehf. tilkynnt með vísan til umræddra breytingalaga að leyfi þess 28. ágúst 1990 myndi falla úr gildi í maí 2005. Hinn 23. nóvember 2005 tilkynnti Björgun ehf. Skipulagsstofnun að félagið hygðist sækja um endurnýjun leyfis til vinnslu á tilteknu magni af mól af hafsbotni í Kollafirði á árunum 2006 til 2016. Skipulags-

stofnun tilkynnti félaginu 20. mars 2006 um að fyrirhuguð efnistaka félagsins skyldi vera háð mati á umhverfisáhrifum. Sú ákvörðun var staðfest með úrskurði umhverfisráðherra sem kveðinn var upp 15. nóvember 2006. Tveimur dögum áður, þ.e. 13. nóvember, hafði ráðuneyti yðar veitt Björgun ehf. takmarkaða heimild til hagnýtingar jarðefna á afmörkuðum svæðum á hafsbotni. Heimildin gildi til 1. september 2008 en þó ekki lengur en þremur mánuðum eftir að fyrir lægi endanlegt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.

Björgun ehf. höfðaði dómsmál og krafðist þess að ákvörðun umhverfisráðherra um að fyrirhuguð efnistaka skyldi vera háð mati á umhverfisáhrifum yrði felld úr gildi. Í dómi Hæstaréttar frá 27. september 2007 í máli nr. 182/2007 var ekki fallist á þá kröfu. Með bréfum Björgunar ehf. til ráðuneytis yðar, dags. 18. og 31. ágúst 2008, var óskað eftir tímabundinni framlengingu bráðabirgðaleyfis félagsins. Með bréfi ráðuneytis yðar til Björgunar ehf., dags. 5. september 2008, var tilkynnt um framlengingu á takmarkaðri heimild félagsins til hagnýtingar jarðefna á hafsbotni í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hraun í Faxaflóa. Skyldi heimildin gilda til 1. mars 2009 en þó aldrei lengur en tveimur mánuðum eftir að fyrir lægi endanlegt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum einstakra svæða, enda væri mati á umhverfisáhrifum framkvæmda hraðað svo sem kostur væri. Þau sjónarmið sem lágu að baki umræddri framlengingu á leyfi Björgunar til efnistöku eru rakin í bréfinu. Af því sem þar kemur fram má ráða að með tilliti til þeirra hagsmuna sem væru í húfi fyrir Björgun ehf. og önnur fyrirtæki ef efnistaka félagsins stöðvaðist, meðalhófsreglunnar og þess að efnistakan myndi aðeins fara fram í eldri námum sem Björgun ehf. hefur nýtt á grundvelli eldri leyfa hafi ráðuneyti yðar talið sér fært að framlengja takmarkaða heimild eða leyfi félagsins frá 13. nóvember 2006 til hagnýtingar jarðefna á hafsbotni á tilteknum svæðum í Kollafirði, Hvalfirði og umhverfis Syðra Hrauni í Faxaflóa til 1. mars 2009.

Með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, óska ég eftir að ráðuneyti yðar skýri afstöðu sína til kvörtunar Sigursteins og veiti mér einnig upplýsingar og skýringar um eftirfarandi atriði:

1. Í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er kveðið á um að óheimilt sé að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, nema að fengnu skriflegu leyfi iðnaðarráðherra. Í 2. mgr. 4. gr. er mælt fyrir um að við veitingu leyfa samkvæmt lögunum skuli „gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum“, sbr. 4. gr. laga nr. 101/2000. Í 13. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13. gr. laga nr. 74/2005, er fjallað um leyfi til framkvæmda. Þar segir:

„Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmdar skv. 5. eða 6. gr. fyrir en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum liggur fyrir eða ákvörðun um að framkvæmd skv. 6. gr. sé ekki matsskyld.“

Í 2. mgr. 13. gr. er m.a. kveðið á um að við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skuli leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til „álits Skipulagsstofnunar“ um mat á umhverfisáhrifum hennar.

Með tilliti til þess að gögn málsins gefa til kynna að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum efnistöku Björgunar ehf. á þeim námasvæðum sem um ræðir í málinu, þar á meðal Laufagrunni, hafi ekki legið fyrir þegar ráðuneyti yðar ákvað 5. september 2008 að veita félaginu takmarkaða heimild til hagnýtingar jarðefna á svæðunum fram til 1. mars 2009, og þess að leyfi félagsins frá 28. ágúst 1990 féll niður í maí 2005, óska ég eftir því að ráðuneyti yðar lýsi viðhorfi sínu til þess hvort og þá hvernig umrædd leyfisveiting samrýmist framangreindum ákvæðum 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1990 og 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000, með áorðnum breytingum.

2. Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, er kveðið á um að með reglugerð skuli iðnaðarráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari ákvæði um þau leyfi sem um ræðir í 3. og 4. gr. Í 2. mgr. er mælt fyrir um að í reglugerð skuli tilgreina helstu ákvæði sem fram skulu koma í leyfunum, m.a. um tímalengd leyfis. Á heimasíðu ráðuneytis yðar kemur fram að reglugerð um leit og nýtingu auðlinda hafsbotnsins sé í vinnslu. Með tilliti til þeirrar skyldu sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 73/1990, og þess að nú eru liðin meira en 18 ár síðan gert var ráð fyrir því í lögum að umrædd reglugerð yrði sett, óska ég eftir því að ráðuneyti yðar veiti mér nánari skýringar á því hverju vinnu við gerð reglugerðarinnar líður og hvenær vænta megi að þeirri vinnu ljúki.

Ég óska þess að svar við bréfi þessu verði sent mér eigi síðar en 12. desember nk.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson.